

## Samþykktir um öldungaráð í Hrunamannahreppi

Félag eldri borgara í Hrunamannahreppi og sveitarstjórn Hrunamannahrepps gera með sér samkomulag um stofnun Öldungaráðs sem vinnur að málefnum aldraðra í Hrunamannahreppi samkvæmt lögum um málefni aldraðra.

### Hlutverk

Öldungaráð er skipað með formlegum hætti af sveitarstjórn Hrunamannahrepps.

Meginmarkmið með Öldungaráði er að Félag eldri borgara í sveitarfélaginu hafi formlegan og milliliðalausan viðræðuvettvang við sveitastjórnarmenn um hagsmunamál sín.

Í Öldungaráði eru rædd öll atriði sem varða hagsmuni eldri borgara í sveitafélaginu svo sem þjónusta sveitarfélagsins við eldri borgara, aðstaða félags eldri borgara og fjárhagsáætlun hvers árs hvað félag eldri borgara varðar.

Öldungaráð er ekki framkvæmdaaðili, heldur beitir sér fyrir að mál sem hafi verið samþykkt hjá ráðinu séu framkvæmd af hálfu sveitarfélagsins.

### Starfsreglur og starfshættir.

Nafn ráðsins er Öldungaráð Hrunamannahrepps. Öldungaráð er skipað til fjögurra ára að loknum sveitastjórnarkosningum. Öldungaráð er launalaust.

### Val á fulltrúum:

Félag eldri borgara í Hrunamannahreppi tilnefnir 3 fulltrúa, sveitarstjórn tvo fulltrúa (einn frá meirihluta og einn frá minnihluta).

### Fundir:

- ❖ Fundað einu sinni í mánuði eða eftir þörfum.
- ❖ Boðað er til funda á fyrirfram ákveðnum stað, degi og tíma.
- ❖ Fylgja skal almennum reglum um fundasköp.
- ❖ Ráðið velur sér forsvarsmann og skiptir með sér verkum.
- ❖ Fundir falla niður júní, júlí og ágúst.
- ❖ Senda skal fundagerðir til sveitarstjórnar.

### Markmið.

- ❖ Öldungaráð stuðlar að skoðanaskiptum eldri borgara og kjörinna fulltrúa um stefnu og framkvæmd málefna eldri borgara í Hrunamannahreppi og að þeim verði framfylgt.
- ❖ Öldungaráð stuðlar að heilbrigðri öldrun og sjálfstæðu lífi.
- ❖ Öldungaráð stuðlar að aukinni samstöðu milli kynslóða til að skapa samfélag fyrir alla aldurshópa.
- ❖ Öldungaráð leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast.
- ❖ Öldungaráð hefur að leiðarljósi markmið laga um málefni aldraðra.
- ❖ Öldungaráð gerir tillögur til sveitarstjórnar um öldrunarmál.